



Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. nóvember 2011

Efni: Tekjuforsendur fjárlagafrumvarps 2012

Ríkisstjórnin hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til fjárlaga 2012. Heildartekjur ríkissjóðs á næsta ári eru áætlaðar 521,5 ma.kr., þar af skatttekjur 466,8 ma.kr. Heildargjöld eru áætluð 539,2 ma.kr., þar af eru vaxtagjöld ríkissjóðs 78,4 ma.kr.

Halli á ríkissjóði er því áætlaður 17,7 ma.kr., eða 1,0% af vergri landsframleiðslu (VLF). Frumjöfnuður (þ.e. án tillits til vaxtagjalda og vaxtatekna) er áætlaður verða jákvæður um 39,6 ma.kr., eða 2,2% af VLF. Markmiði um afgang á heildarjöfnuði er seinkað um eitt ár, til ársins 2014, auk þess sem hann verður minni en stefnt var að áður eða sem nemur 0,9% af VLF.

Forsendur tekjuáætlunar 2012 byggja á niðurstöðum ríkisreiknings 2010, þjóðhagsspá Hagstofunnar frá 8. júlí 2011 og upplýsingum um álagningu og innheimtu skatta og annarra tekna á fyrstu 8 mánuðum ársins 2011. Áætlað er að hagvöxtur á næsta ári verði 3,1%, einkaneysla aukist um 3,3% og fjárfesting um 14,5%. Fjárfesting atvinnuveganna er talin aukast um 18% á næsta ári, einkum vegna byggingar kísilverksmiðju í Helguvík og verulegrar aukningar almennra fjárfestinga atvinnuveganna.

Eftirfarandi augljósa veikleika er að finna í fjárlagafrumvarpinu:

1. Hagvöxtur

Gengið er út frá 3,1% hagvexti en horfur eru nú mun verri. Í ágúst sl. spáði Seðlabankinn 1,6% hagvexti og síðan hafa skipast veður í lofti í viðskiptalöndunum og hagvaxtarhorfur versnað enn. Nýleg spá hagdeildar ASÍ gerir þannig einungis ráð fyrir 1% hagvexti á árinu 2012. Gangi spá Seðlabankans eftir leiðir það beint til um 8 ma.kr. minni tekna ríkissjóðs en gangi spá hagdeildar ASÍ eftir verða tekjur ríkissjóðs tæplega 11 ma.kr. minni. Munurinn gæti orðið enn meiri þegar spá Hagstofunnar verður endurskoðuð í næsta mánuði vegna hríðversnandi horfa í heimsbúskapnum.

2. Skattar

Það vekur undrun að tveimur atvinnugreinum, þ.e. sjávarútvegi og fjármálafyrirtækjum, er ætlað að standa undir stærstum hluta aukinnar skattheimtu. Aðrir skattar fyrirtækja í þessum atvinnugreinum, s.s. af hagnaði og veltu hljóta að minnka af völdum þessara nýju álaga. Einnig munu fyrirtæki í þessum greinum mæta áhrifum aukinnar skattheimtu, s.s. með útvistun, minnkun umsvifa og uppsögnum. Því er hætt



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

við að viðbótartekjur ríkissjóðs vegna þessara skattahækkana verði minni en áform í fjárlagafrumvarpi segja til um.

Þannig er fjármálastofnunum ætlað að greiða um 15 ma.kr. óafkomutengdar álögur í ríkissjóð og Tryggingasjóð innistæðueigenda á árinu 2012 umfram almenna skattheimtu. Fjármálastofnanir kosta að fullu starfsemi fjármálaeftirlitsins og umboðsmanns skuldara og er kostnaður þessara stofnana áætlaður 2,9 ma.kr. á árinu 2012 en ekki 2,0 ma.kr. eins og vantalið er í fjárlagafrumvarpi. Fjármálastofnanir telja sig greiða a.m.k. jafn háa fjárhæð af eigin rekstri vegna vinnu við að þjónusta og svara fyrirspurnum frá umræddum stofnunum. Í annan stað er fjármálastofnunum ætlað að greiða sérstakan 10,5% skatt að danskri fyrirmynd¹ á öll launagjöld til ríkissjóðs sem áætlað er að skili ríkissjóði 4,5 ma.kr. árið 2012. Í þriðja lagi er fjármálastofnunum ætlað að greiða 2,1 ma.kr. til ríkisins til að fjármagna sérstaka vaxtaniðurgreiðslur heimila. Þá er enn til staðar bankaskattur sem innleiddur var árið 2010 að sænskri fyrirmynd sem skila mun ríkissjóði um 1,1 ma.kr. á árinu 2011. Loks er áformað að innheimta 4,5 ma.kr. í Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta vegna áformaðrar hraðrar uppbyggingar þess sjóðs. Í umhverfi gjaldeyrishafta verður þessum álögum ekki mætt með öðrum hætti en að fækka fólki eða hækka þjónustutekjur og vaxtamun. Reyndar væri fróðlegt að reikna út hversu mikinn vaxtamun fjármálastofnanir þurfa að leggja á lántakendur til að fjármagna framangreinda viðbótarskattlagningu.

Telji stjórnvöld að bankarnir búi við ofurhagnað sem réttlætanlegt sé að renni að einhverju leyti til samfélagsins þá er eðlilegast að skattleggja þann hagnað sérstaklega.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

¹ Það er yfirvarp að tengja þennan skatt á fjármálafyrirtæki við danska skattinn (Financial Activity Tax). Íslenski skatturinn líkir hvorki eftir danska skattgrunninum né útfærslunni. Danski skatturinn nær til allra viðskipta sem standa utan við vsk-kerfið. Þannig kemur innskattur fjármálafyrirtækja og annarra sem greiða danska skattinn til frádráttar skattinum.